

Ed.

966. Frumvarp

til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að veita Þorkeli Þ. Clementz, vjel-
fræðingi í Reykjavík, einkarjett um 15 ár til þess að þurka kjöt á Íslandi
með vjelum, sem ætlað er til útflutnings.

2. gr.

Geti leyfishafi ekki innan 3 ára sýnt, að tilraunir allar og undirbúningur sjeu svo langt komið, að fyrirtækið geti tekið til starfa á því ári, fellur einkaleyfið úr gildi.

3. gr.

Af hverri smálest af þurkuðu kjöti, sem út er flutt, skal greiða alt að 10 kr. í landssjóð, þó ekki af fyrsta árs framleiðslu.

4. gr.

Eigi má leggja annað eða meira gjald á þá vöru, er leyfishafi framleiðir, en um getur í 3. grein.

5. gr.

Þegar 5 ár eru liðin eða meira frá því er einkaleyfishafi tók að flytja út þurkað kjöt, hefir landsstjórnin rjett til að taka í sínar hendur einkaleyfið og allar vjelar, hús og áhöld fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.